

# LÖG FYRIR SJÁLFSTÆÐISFÉLAGIÐ FRAM Í HAFNARFIRÐI.

Samþykkt á aðalfundi 13. febrúar 2024.

## 1. kafli. Nafn og tilgangur félagsins.

### 1. grein.

Félagið heitir Sjálfstæðisfélagið Fram og heimili þess er í Hafnarfirði. Kennitala þess er 571296-2849.

### 2. grein.

Félagssvæðið er Hafnarfjörður. Félagið er hluti af Sjálfstæðisflokknum.

### 3. grein.

Markmið félagsins er að berjast fyrir framgangi Sjálfstæðisflokksins og sjálfstæðisstefnunnar á félagssvæði sínu.

Aðalfundur, félagsfundir, stjórn eða formaður félagsins skulu útfæra nánar hvernig unnið verður að framangreindum markmiðum.

## 2. kafli. Félagar.

### 4. grein.

Rétt til aðildar að félaginu hefur allt Sjálfstæðisfólk sem búsett er í bænum í samræmi við skipulagsreglur Sjálfstæðisflokksins. Allt félagsfólk hefur kjörgengi og kosningarétt til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Félagsfólk, sem flytur af félagssvæðinu hættir sjálfkrafa í félaginu.

Undantekning frá þessu er ef félagsfólk flytur úr bænum til veru á stofnunum fyrir aldraða. Í slíkum tilfellum getur það óskað eftir því að vera áfram í félaginu.

#### 5. grein.

Hægt er að ganga í félagið með skráningu á vefsíðu flokksins eða félagsins, eða með skriflegri ósk til formanns eða ritara. Sú ósk getur verið á rafrænu formi. Hún telst móttækin þegar móttaka hennar hefur verið staðfest.

Stjórn er heimilt að hafna umsókn um inngöngu. Ákvörðun stjórnar má áfrýja til aðalfundar eða félagsfundar og þá nægir einfaldur meirihluti til að samþykkja umsóknina.

#### 6. grein.

Stjórn getur vikið hverjum þeim sem eru úr félaginu, sé það álit stjórnar, að viðkomandi brjóti gegn lögum félagsins eða samþykktum flokksins.

Ákvörðun stjórnar má áfrýja til aðalfundar eða félagsfundar og þá nægir einfaldur meirihluti til að afturkalla brottvikninguna.

### 3. kafli. Stjórn félagsins og starfsemi.

#### 7. grein.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Formaður og stjórn félagsins annast málefni þess milli aðalfunda.

Formanni og stjórn ber að vinna í samráði við aðrar stofnanir flokksins ef því sem við á, og í samræmi við lög þessi og skipulagsreglur Sjálfstæðisflokksins.

#### 8. grein.

Formaður félagsins skal kosinn sérstaklega á aðalfundi en auk hans skal kosin 10 til 16 manna stjórn. Fjöldi stjórnarfólks að formanni meðtöldum skal alltaf standa á oddatölu.

Formaður og stjórn skulu kosin til eins árs í senn.

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund þannig að kosið sé stjórnarfólk í embætti varaformanns, gjaldkera og ritara.

Þá skal skipuð 3 til 5 manna viðburðanefnd með sérstökum formanni úr hópi stjórnarfólks. Hún sér um alla fundi og viðburði á vegum félagsins.

Einnig skal skipuð 3 til 5 manna kynningarnefnd með sérstökum formanni úr hópi stjórnarfólks. Hún skal sjá um öll vef-, samfélagsmiðla-, útgáfu- og kynningarmál félagsins, eftir atvikum í samvinnu við önnur sjálfstæðisfélög í bænum, fulltrúaráð, kjördæmisráð eða aðrar stofnanir Sjálfstæðisflokksins.

Aðrir teljast meðstjórnendur. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum eins og þurfa þykir.

Á aðalfundi skal kjósa tvo endurskoðendur og einn til vara.

**9. grein.**

Stjórnin heldur fundi eins oft og þurfa þykir.

Óski fimm stjórnarmenn fundar skriflega eða stafrænt til formanns félagsins er skylt að halda stjórnarfund innan eðlilegs tímaramma. Slík ósk telst aðeins gild þegar móttaka hefur verið staðfest.

**4. kafli. Aðalfundur og félagsfundir**

**10. grein.**

Aðalfundur skal halda á tímabilinu 1. febrúar til 31. mars ár hvert, þótt reikningsár félagsins miðist við almanaksár.

Til aðalfundar skal boða eins tryggilega og unnt er með minnst tveggja vikna fyrirvara. Eðlileg boðun telst vera auglýsing, til að mynda á vefsíðum eða samfélagsmiðlum félagsins eða flokksins, eða bréf eða tölvupóstsending til félagsmanna.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Kosning á aðalfundi skal vera með handauppréttingu, nema skriflegrar kosningar sé krafist og aðalfundur samþykki hana sérstaklega. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

**11. grein.**

Á aðalfundi skal eftirfarandi vera á dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.
2. Reikningsskil og skýrsla gjaldkera.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningsskil.
4. Lagabreytingar, ef fyrir fundinum liggja tillögur þess efnis.
5. Kosningar, sem framkvæmdar skulu í þeirri röð sem hér segir:
  - a) Kosning formanns.
  - b) Kosning stjórnar.
  - c) Kosning fulltrúa í fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Hafnarfirði.
  - d) Kosning fulltrúa í kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.

e) Kosning endurskoðenda.

5. Önnur mál.

**12. grein.**

Stjórn er ábyrg fyrir skýrslugjöf til stjórnvalda, til miðstjórnar og skrifstofu Sjálfstæðisflokksins, sem og til fulltrúaráðs og kjördæmisráðs, í samræmi við skipulagsreglur flokksins og landslög.

**13. grein.**

Félagsfundir á milli aðalfunda, þar sem innri málefni félagsins eru til umræðu, skulu haldnir ef þurfa þykir að mati stjórnar eða ef að minnsta kosti tíundi hluti félagsfólks krefst þess skriflega.

Aðrir fundir til fræðslu, umræðu eða upplýsinga teljast ekki vera félagsfundir í skilningi fyrri málsgreinar. Slíkir fundir eða viðburðir skulu haldnir eins og stjórn telur eðlilegt til að vinna að markmiðum félagsins skv. 3. grein.

**14. grein.**

Aðeins fullgilt félagsfólk samkvæmt félagaskrá þeirri sem haldið er utan um í aðalstöðvum Sjálfstæðisflokksins og í skilningi laga þessara hafa kosningarétt og kjörgengi til hvers konar trúnaðarstarfa innan félagsins og þeirra stofnana flokksins sem félagið kýs fulltrúa til.

Ef ágreiningur rís um kjörgengi eða kosningarétt félagsfólks skal formaður úrskurða þar um að höfðu samráði við stjórn.

## **5. kafli. Árgjald, lagabreytingar og fleira**

**15. grein.**

Ákvörðun um árgjald er á hendi stjórnar.

**16. grein.**

Reikningstímabil félagsins er almanaksárið.

**17. grein.**

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, enda séu lagabreytingar boðaðar í dagskrá og þarf aukinn meirihluta atkvæða til þess að breytingar nái fram að ganga.

**18. grein.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla eldri lög úr gildi um leið.

Þannig samþykkt á aðalfundi Sjálfstæðisfélagsins Fram í Hafnarfirði þann 13. febrúar 2024.